



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

1

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/441
komudagur 25.11.2011

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

25. nóvember 2011

Umsögn um tillögu til þingsál. um þjóðgarð við Breiðafjörð norðanverðan, 238. mál

Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfisráðherra að undirbúa stofnun þjóðgarðs við norðanverðan Breiðafjörð.

Samorka minnir á að Íslendingar standa nú þegar mjög framarlega, ef svo má segja, á sviði náttúruverndar. Að minnsta kosti hefur mun stærra hlutfall landsvæðis verið verndað hér en á hinum Norðurlöndunum.¹ Að mati Samorku eru því ekki sérstök rök fyrir að ráðist verði í stofnun umrædds þjóðgarðs með tilheyrandi kostnaði.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri

¹ Nú þegar hafa yfir 19% af flatarmáli Íslands verið friðlýst og hefur Ísland gengið lengst Norðurlandanna í þessum efnum (tæp 15% í Noregi, tæp 11% í Svíþjóð, 9% í Finnlandi og tæp 5% í Danmörku). Raunar má hækka þessa tölu fyrir Ísland í tæp 32% ef talin eru með svæði á náttúruminjasrá og í 40% ef með eru talin áhrif náttúruverndaráætlunar 2009-2013 (skv. tölum frá Umhverfisstofnun).